

## Landeigendur Reykjahlíðar ehf. skora á stjórnvöld að virkja jarðvarma í Bjarnarflagi

Landeigendur Reykjahlíðar ehf. í Mývatnssveit skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að lokið verði nauðsynlegum undirbúningi vegna nýrrar 45 MW gufuaflsvirkjunar í Bjarnarflagi og að framkvæmdir hefjist sem fyrst. Þetta jarðhitasvæðið er í landi Reykjahlíðar og Landsvirkjun hefur orkunýtingarrétt á stórum hluta þess.

- Í Bjarnarflagi var reist 3 MW jarðgufuvirkjun árið 1969, sú fyrsta héraendis og ein sú fyrsta í veröldinni. Þar er því elsta nýtingarsaga háhitasvæðis á Íslandi og ekkert jarðhitasvæði á landinu hefur verið rannsakað jafn vel og lengi og Bjarnarflag.
- Umhverfismat hefur legið fyrir frá árinu 2004 og þar kemur fram að virkjunin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
- Ný jarðhitavirkjun í Bjarnarflagi er í nýtingarflokki rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem Alþingi samþykkti í janúar 2013.
- Undirbúningur verkefnisins hefur staðið yfir í meira en tvo áratugi og nú er vinna við hönnun og útboð 45 MW virkjunar á lokastigi.
- Sex af átta vinnsluborholum eru þegar til staðar og nægja fyrir 40MW af 45 MW sem framleidd verða í nýrri Bjarnarflagsvirkjun.
- Ekki verður séð að lífríki Mývatns sé hætta búin af virkjuninni, enda augljóst að landeigendur væru síðastir manna til að knýja á um starfsemi sem kynni að ógna á einhvern hátt einni þekktustu náttúruperlu landsins.
- Mývetningar eru með ýmsar ráðagerðir á þjónum til nýtingar raforkuaffallsvatns og gufu frá nýrri Bjarnarflagsvirkjun á umhverfisvænan hátt.
- Með nýrri virkjun í Bjarnarflagi skapast kærkomin tækifæri til að fjölga störfum í Mývatnssveit og á svæðum í kring og þó fyrir hefði verið.

### Greinargerð

Ferðamönnum hefur fjölgað í Mývatnssveit ár frá ári og ferðaþjónustan þar er umfangsmeiri en nokkru sinni fyrr. Störf eru samt mun færri í sveitinni en var áður en rekstur Kísiliðjunnar var lagður af 2004. Fjöldi Mývetninga þarf enn að sækja atvinnu um langan veg og því skiptir miklu máli að nýta þau tækifæri sem gefast til atvinnusköpunar og uppbyggingar á svæðinu.

Margar hugmyndir eru uppi um hvernig nýta megi jarðvarma í Bjarnarflagi til atvinnusköpunar í sveitinni og má þar til dæmis nefna ylrækt og framleiðslu þörugna.

Árið 2004 féllst Skipulagssstofnun á nýja virkjun í Bjarnarflagi með allt að 90 MW framleiðslugetu, í úrskurði sínum um mat á umhverfisáhrifum. Hún taldi að virkjunin hefði ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Mat á umhverfisáhrifum, og þær upplýsingar sem síðan hafa komið fram um svæðið, voru forsenda þess að Bjarnarflagsvirkjun var flokkuð sem álitlegur orkunýtingarkostur í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Vert er að halda því til haga að nú er stefnt að því að reisa 45 MW virkjun í Bjarnarflagi, **helmingi minna orkuver en Skipulagsstofnun miðaði við í úrskurði sínum forðum.**

Áhrif brennisteinslosunar og dælingar affallsvatns hafa verið umræðuefni í tengslum við jarðvarmavirkjanir annars staðar á landinu. Af því tilefni skal eftirfarandi tekið fram:

- Styrkur brennisteins í andrúmslofti hefur verið mældur í Reykjahlíð frá því í febrúar 2011. Niðurstöður mælinga þar benda til þess að jarðvarmanýtingin hafi óveruleg áhrif á loftgæði.
  - Þá hefur Landsvirkjun lýst yfir að við orkuvinnslu verði styrk brennisteinsvetnis áfram haldið innan marka tilheyrandi reglugerðar og að gripð verði til viðeigandi mótvægisáðgerða ef þörf krefur.
- Frá því byrjað var að reka jarðgufuvirkjun í Bjarnarflagi fyrir 46 árum hefur affallsvatn verið losað á yfirborði jarðar. Niðurstöður rannsókna benda til þess að sú losun hafi hverfandi áhrif á hita og efnasamsetningu grunnvatns.
  - Affallsvatni nýrrar virkjunar verður veitt í niðurrennslisholur sem ná langt niður fyrir botn Mývatns. Þetta er í samræmi við óskir Umhverfisstofnunar og fleiri aðila.
  - Ekki þarf að óttast jarðskjálfta í Mývatnssveit vegna niðurdælingar í Bjarnarflagi eins og gerðist í tengslum við niðurdælingu við Hellisheiðarvirkjun, enda jarðskorpuhreyfingar þar með öðrum hætti en á Hellisheiði.

**f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf.**

Ólafur H. Jónsson, formaður